

Sp.

32. Tillaga til þingsályktunar

[32. mál]

um nýtingu á lifur og hrognum.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því, hvernig koma megi við fullnýtingu lifrar úr fiskafla landsmanna sem nú er að mestum hluta fleygt fyrir borð á skuttogarafлотanum.

Könnun þessi nái einnig til hrogna og feli jafnframt í sér athugun á hvernig bæta megi aðstöðu á fiskiskipum og í landi til nýtingar og vinnslu þessara verðmæta, — sem og markaðsmöguleikum.

Greinargerð.

Nýting á auðlindum hafsins og sanngjörn skipting þeirra milli jarðarbúa hefur að undanfögnu talist til stórmála á alþjóðavettvangi. Þótt endanlegt samkomulag liggja ekki enn fyrir, teljum við íslendingar okkur hafa unnið fullnaðarsigur með útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur og viðurkenningu annarra þjóða á þeim takmörkum. Þar með er þó ekki allur vandinn leystur. Ofveiði á helstu fiskstofnum okkar, fyrst og fremst þorsksins, kallar á stranga aðgát og það jafnvel þótt við sætum einir að veiðum innan 200 mílna markanna, sem ekki er enn orðið að raunveruleika. Vísindamenn okkar á sviði fiskirannsóknna og stjórnvöld eru því á einu máli um að nauðsyn beri til að beina sókninni meir að nýjum fisktegundum og draga þannig úr áframhaldandi ofveiði þorsksins. Jafnframt verður það æ ljósara, að okkur ber í senn efnahagsleg nauðsyn og siðferðileg skylda til að nýta öll verðmæti sjávarafllans svo vel sem kostur er, en í því tilliti er því miður víða pottur brotinn í dag. Fyrst og fremst beinist athyglin að þeirri furðulegu staðreynd, að lifur og hrognum skuli að verulegum hluta vera fleygt fyrir borð á íslenskum fiskiskipum. Tillaga þessi er borin fram til að koma í veg fyrir að slík óhæfa verði látin viðgangast öllu lengur.

Samkvæmt trúverðugum upplýsingum er heildarmagn lifrar úr árlegum fiskafla íslendinga, þorski, ufsa og ýsu, 14—15 þús. tonn. Af því magni er um 10 þús. tonnum fleygt. Sé gert ráð fyrir að 25 kr. fáiast fyrir hvert kíló lifrar (í mörgum tilvikum mun það seljast fyrir 30 kr.), þá kemur í ljós að þarna fleygjum við í sjóinn verðmætum sem nema 250 milljónum króna árlega, þ. e. í hráefninu einu. Að sjálfsögðu er tap þjóðarbúsins margfalt meira ef miðað er við að vinnsla hráefnisins færi fram. Magnið af hrognum, sem í súginn fer, mun verulega miklu minna, en þau eru líka um þrefalt verðmætari.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins upplýsir að enn sigi á ógæfuhliðina hvað snertir nýtingu lifrarinnar — að meiru og meiru sé fleygt af henni. Þorskalýsismagn sem hundradshluti afla af þorski og ufsa fer stöðugt lækkandi. Eftir 1960 var þetta hlutfall hæst árið 1962, eða 3.86%, en árið 1974 var það komið niður í 1.29% og 1975 niður í 1.20%.

Hér áður fyrr, á gömlu togurunum, var öll lifur brædd um borð, en í dag mun það gert í aðeins einum togara og eru þó nokkrir skuttogaranna með bræðslutæki. Aðeins tveir eða þrjú skuttogarar munu nú koma með lifur að landi. Það er hins vegar bátaflotinn og þá helst á vissum árstímum sem sér fyrir megninu af þeirri lifur sem að landi kemur, 4—5 þús. tonn árlega. Þar af hafa um 4 þús. tonn farið í bræðslu, en hitt til niðursuðu. Lagmetisiðnaður okkar, sem verið er að reyna að koma fótum undir og hefur á undanförunum árum gert heiðarlegar tilraunir til að sjóða niður lifur og hrogn til útflutnings, líður бага við það hve lítið og stopult hráefni berst. Markaðir erlendis eru fyrir hendi, en kaupendur þar una illa við hve erfitt það er fyrir íslenska viðskiptaaðila að standa við gerða samninga um nokkurn veginn stöðugt ákveðið magn. Íslenskir lýsisframleiðendur telja og að hægt mundi að selja mun meira af meðalalýsi til útflutnings ef meira framboð væri á góðri og ferskri lifur hér heima. Líka væri eðlilegt, að athugað væri hvort aukin framleiðsla fódurlýsis gæti ekki létt eitthvað á útgjöldum bænda af rándýrum fódurbæti, sem orðinn er einn af þungbærustu rekstrarliðum landbúnaðarins.

Það hefur verið talað um að áhugaleysi og jafnvel tregða íslenskra útvegsmanna og sjómanna til að hirða lifrina valdi miklu um þá öflugþróun sem hér á sér stað. Sú afstaða á að visu sínar skýringar, þó að tæplega geti þær talist haldbærar. Þannig hefur aukid framboð á feitmeti á heimsmarkaðinum haldið lýsisverðinu niðri að undanförunu, svo að varla hefur þótt svara kostnaði að hirða lifrina. Þá hefur í mörgum tilvikum staðið í veginum aðstöðuleysi um borð í fiskiskipunum, sérstaklega hinum nýju skuttogurum, og einnig erfiðleikar við löndun lifrarinnar og vinnslu í landi. Þungt á metunum er það einnig, að lifrin er mjög viðkvæmt hráefni með lítið geymsluþol, hefur hingað til verið reiknað með 2—3 dögum. Nýlegar rannsóknir og tilraunir á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins gefa hins vegar til kynna að auka má geymsluþolið allt upp í 10 daga með sérstakri kæliaðferð um borð í skipunum. Þá vantar og í sumum verstöðvum alla aðstöðu til vinnslu.

Þessi atriði öll, sem nánar mun verða fjallað um í framsögu, hafa til þessa hindrað eðlilega og sjálfsagða nýtingu þessarar hollu fæðutegundar. Það mun vafalaust kosta einhverja fjármuni að ryðja þeim hindrunum úr vegi, en þó mun varða mestu að fyrir hendi sé skilningur allra hlutaðeigandi aðila á mikilvægi þessa máls og vilji til úrbóta.

Sú var tíðin að lifur og lýsi voru ein helsta lífsbjörg fólks við sjávarsiðuna á Íslandi. En hvað sem líður velmegun íslendinga í dag og vítamínpillum í glösum, sem almenn þykja þægilegri og fínni en lýsisflaskan, þá sæmir illa að gleyma því að þúsundir milljóna meðbræðra okkar í hinum vanþróuðu löndum heims búa við sárasta sult og örbirgð. Varla hrekkur okkar hálfu þá pro mill framlag í hinn alþjóðlega hjálparsjóð langt til að bæta þar um. Hér er því ekki um það að ræða eingöngu, hvort við stöndumst við það efnahagslega að fleygja í sjóinn fæðuverðmætum fyrir hundruð milljóna kr. árlega, heldur líka hitt, að það er siðferðilega óverjandi og ekki sæmandi okkur sem menningarþjóð.

Það er von og trú flutningsmanna að tillaga þessi verði stjórnvöldum hvatning til skipulegra aðgerða í þessu máli og að íslenskir sjómenn láti þá ekki á sér standa.